Persónuvernd
b.t. Þórður Sveinsson
Rauðarárstíg 10
150 Reykjavík

AFRIT

Persónuvernd
Innk.: 30. JAN. 2015
Mál: 2014/1779 ÞS

Reykjavík 30. janúar 2015

Efni: Vísað er til tölvupósts dags. 21. janúar 2015 þar sem óskað var eftir að undirrituð sendi Persónuvernd samskipti við annan af aðstoðarmönnum Innanríkisráðherra hinn 20. nóvember 2013.

Málavextir eru þeir að þann 19. nóvember 2014 sendi Persónuvernd bréf til yfirstjórnar lögreglunnar á Suðurnesjum er varðaði öflun og miðlun persónuupplýsinga í samskiptum lögreglunnar á Suðurnesjum og annars af aðstoðarmönnum innanríkisráðherra 20. nóvember 2013. Undirrituð sendi Persónuvernd bréf þann 3. desember 2014 þar sem rakin voru sjónarmið og rökstuðningur vegna bréfsins sem undirrituð taldi skipta máli við úrlausn þess.

Þann 21. janúar sl. barst undirritaðri tölvuskeyti frá Persónuvernd þar sem vísað var til fyrri samskipta af tilefni athugunar Persónuverndar á miðlun á drögum að skýrslu um mál hælisleitanda frá lögreglunni á Suðurnesjum til annars af aðstoðarmönnum Innanríkisráðherra hinn 20. nóvember 2013. Kom fram í þeim tölvupósti að þau tölvupóstsamskipti, þar sem skýrsludrögunum var miðlað, væru ekki geymd í málaskrám lögreglunnar á Suðurnesjum og Innanríkisráðuneytisins. Þess var óskað að undirrituð sendi Persónuvernd umrædd samskipti eigi síðar en 27. janúar nk.

Að morgni 27. janúar sl. hringdi undirrituð í Þórð Sveinsson, starfsmann hjá Persónuvernd í því skyni að athuga hvort ósk Persónuverndar lyti að því að fá umrædd tölvupóstsamskipti á útprentuðu formi eða rafrænu. Kom fram í því samtali atriði er varðaði tæknilega tilhögun á tölvupóstsamskiptum og þess óskað að undirrituð veitti skýringar varðandi öryggi í sendingu á umræddu skjali. Þar sem fram kom af hálfu starfsmanns Persónuverndar beiðni um ítarlegri skýringar en upphaflega hafði verið óskað í tölvuskeytinu frá 21. janúar sl. óskaði undirrituð eftir fresti til föstudagsins 30. janúar nk. til að afla frekari upplýsinga um tæknilega tilhögun á tölvupóstsamskiptum lögreglu. Umbeðinn frestur var veittur sama dag.

Tölvupóstsamskipti við þáverandi aðstoðarmann innanríkisráðherra 20. nóvember 2013.

Að morgni 20. nóvember 2013 óskaði aðstoðarmaður Innanríkisráðherra eftir upplýsingum um málefni hælisleitandans [redacted]. Undirrituð hafði í framhaldi samband við yfirmann lögfræðisviðs hjá embættinu og óskaði eftir að tekin væri saman stutt greinargerð um málefni hælisleitandans. Sá rannsóknarlögreglumaður sem fór með rannsókn umræddsmáls tók saman umbeðna greinargerð og sendi yfirmanni lögfræðisviðs embættisins sama dag. Í tölvuskeytinu kom fram að meðfylgjandi væri greinargerð um [redacted] fyrir ráðuneytið. Síðar sama dag sendi yfirmaður lögfræðisviðs greinargerðina til undirritaðrar sem áframsendi hana til aðstoðarmanns Innanríkisráðherra kl. 21:22. Vísast nánar til meðfylgjandi tölvupósta.

Eins og fram hefur komið í bréfi undirritaðrar til Persónuverndar ríkti engin leynd yfir meðferð málsins og samskipta við aðstoðarmanninn greint sinn. Umræddur tölvupóstur undirritaðrar

Scanned by CamScanner

til aðstoðarmannsins er vistaður í miðlægum gagnagrunni lögreglunnar. Umrædd greinargerð var vinnuskjal og tekin saman að beiðni undirritaðrar greint sinn. Er skjalið vistað í möppu á vefsvæði rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum undir málum frá árinu 2012 sem all nokkrir starfsmenn hafa aðgang að. Er viðhengið, umrædd greinargerð, er opnuð sem send var með tölvupósti til aðstoðarmanns innanríkisráðherra, sést að hún var búin til (created) þann 20. nóvember 2013 kl. 13:52. Klukkan 18:33 sendi yfirmaður lögfræðisviðs skjalið til undirritaðrar.

Af efni tölvupóstsins er ljóst að um var að ræða trúnaðarskjal frá lægra settu stjórnvaldi til æðra setts stjórnvalds sem aðstoðarmaður Innanríkisráðherra hafði óskað eftir.

Telur undirrituð rétt að ítreka það sem fram kemur í bréfi undirritaðrar til Persónuverndar dags. 3. desember sl. að Innanríkisáðherra fer með yfirumsjón útlendingamála skv. 1. mgr. 3. gr. útlendingalaga. Í ráðuneytinu var verið að skoða mál umrædds aðila þann 20. nóvember 2013 en hann var eftirlýstur af lögreglu vegna framkvæmdar á ákvörðun ráðuneytisins um brottvísun úr landi. Þá kom það fyrir að í ráðuneytinu væri endurskoðuð ákvörðun um brottvísun sem ráðuneytið hafði áður staðfest. Ráðuneytið var því enn með mál hans til meðferðar enda liggur fyrir að skrifstofustjóri í Innanríkisráðuneytinu hafi að morgni miðvikudagsins 20. nóvember 2013 sent [redacted] með tölvupósti framburðarskýrslu af [redacted] sem skrifstofustjóranum hafði borist frá starfsmanni Útlendingastofnunar. Áréttar undirrituð þau sjónarmið að með vísan til þessa er ljóst að [redacted] sem aðstoðarmaður Innanríkisráðherra greint sinn var að vinna að málinu sem starfsmaður í ráðuneytinu umræddan dag og ráðuneytið hafði mál umrædds aðila til meðferðar skv. lögum um útlendinga.

Þá skal það sérstaklega tekið fram að embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hefur ákveðna sérstöðu þegar kemur að málefnum útlendinga vegna alþjóðaflugvallarins. Vegna þeirrar sérstöðu kom nokkuð oft fyrir að mál einstaklinga sætti bæði rannsókn hjá embættinu en væri jafnframt í vinnslu hjá Útlendingastofnun og Innanríkisráðuneytinu sem æðra stjórnvaldi skv. þágildandi útlendingalögum og/eða úrskurðaraðila í málum tengdum viðkomandi einstaklingi. Var það m.a. ábyrgð embættisins að upplýsa Útlendingastofnun og Innanríkisráðuneytið sem æðra stjórnvald um ákveðin atriði sem þörf væru á að upplýsa skv. 55. gr. útlendingalaga nr. 96/2002.

Vistun rannsóknargagna annars vegar og stjórnsýsluerinda hins vegar.

Hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum er gerður greinarmunur á rannsóknum sakamála annars vegar og stjórnsýsluerindum hins vegar. Er undirrituð gegndi stöðu lögreglustjóra hjá embættinu voru gögn er vörðuðu rannsóknir sakamála og vinnugögn þeim tengd ekki vistuð í skjalavistunarkerfinu GOPRO. Rannsóknargögn og vinnugögn í þeim málum voru vistuð á tveimur stöðum, vinnugögn á vefsvæði embættisins, samskrá, en rannsóknargögn vistuð í kerfi lögreglunnar, LÖKE. Önnur gögn, þ.e. stjórnsýsluerindi og aðrar fyrirspurnir sem bárust embættinu og tengdust ekki málum sem voru eða höfðu verið til rannsóknar voru vistuð í skjalavistunarkerfinu GOPRO. Eins og að framan greinir var umrætt skjal vistað á tilvísuðu vefsvæði eins og önnur vinnuskjöl tengd umræddu máli.

AFRIT

Scanned by CamScanner

Reglur um öryggi upplýsingakerfa, dulkóðun o.fl.

Umræddur tölvupóstur fór frá netfangi því sem undirrituð hafði yfir að ráða hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum, [redacted]@dc.is, í póstfang [redacted]@irr.is.

Ekki hefur tíðkast að gera sérstakar ráðstafanir við sendingu pósta til Innanríkisráðuneytis né hafa tölvupóstar frá ráðuneytinu verið sérstaklega auðkenndir, til dæmis með atbeina rafrænna skilríkja eða þess háttar.

Ríkislögreglustjóri rekur miðlæg upplýsinga- og fjarskiptakerfi lögreglunnar. Netfjarskipti á neti lögreglunnar eru dulkóðuð og eru því sendingar s.s. tölvupóstur dulkóðaður á milli starfsmanna innan lögreglunetsins. Lögreglustjórinn á Suðurnesjunum notar miðlægan póstþjón lögreglunnar til tölvupóstsamskipta. Samkvæmt upplýsingum frá tölvudeild ríkislögreglustjóra er póstþjónninn þannig stilltur að við hverja sendingu á ytri póstþjón þá spyr hann mótaðilann hvort hann geti tekið við dulkóðuðu skeyti. Ef svarið er já þá fer tölvupósturinn dulkóðaður frá einum póstþjóni til annars, en ef svarið er nei þá fer pósturinn ódulkóðaður á milli póstþjóna. Póstsamskipti frá aðilum innan lögreglunetsins til aðila á neti Þjóðskrár s.s. sýslumanna, dómstóla, Persónuverndar o.fl. fara fram með dulkóðuðum hætti. Hvorki sendandi né viðtakandi tölvupósta fá meldingu um það hvort sendingin hafi verið dulkóðuð eður ei.

Í kjölfar fyrirspurnar Persónuverndar, sem fram kom í símtali við starfsmann Persónuverndar að morgni þriðjudagsins 27. janúar sl. um öryggi í þessari tilgreindri tölvupóstsendingu, þá leitaði undirrituð upplýsinga hjá tölvudeild ríkislögreglustjóra, eftir að hafa fengið frest til að afla hinna tæknilegu upplýsinga. Í ljós kom að póstþjónn Stjórnarráðsins studdi ekki á þeim tíma dulkóðuð samskipti. Slík tilhögun varð hinsvegar virk hjá þeim síðla árs 2014.

Notendum miðlægs póstþjóns upplýsinga- og fjarskiptakerfis lögreglunnar er almennt ekki kunnugt um hvaða póstþjónar styðja dulkóðuð samskipti sbr. framangreint.

Meðfylgjandi eru verklagsreglur Ríkislögreglustjóra, upplýsingatækni- og öryggisstefna, dags. 17. janúar 2014 og öryggisreglur og boðorð notenda á víðneti Dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. september 2001.

Áréttting á sjónarmiðum og rökstuðningi undirritaðrar og álit Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8122/2015.

Undirrituð áréttar þau sjónarmið og rökstuðning sem fram koma í bréfi til Persónuverndar dags. 3. desember 2014 til Persónuverndar. Er það afstaða undirritaðrar að þar sem vikið er að stöðu aðstoðarmanna ráðherra í áliti Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8122/2015 og Umboðsmaður Alþingis rakti fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þann 23. janúar sl. Sé samhljóða þeim sjónarmiðum sem fram koma í áðursendu bréfi undirritaðrar til Persónuverndar.

Er einkum vísað til bls. 23 í áliti Umboðsmanns þar sem fram kemur:

> *„Ég hygg jafnframt að í framkvæmd hafi forstöðumenn þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneyti litið svo á að þegar aðstoðarmaður ráðherra hefur samband sé það gert í umboði, og eftir atvikum samkvæmt ósk ráðherra."*

AFRIT

Scanned by CamScanner

Þá segir jafnframt:

„Ég hef með bréfi, dags. í dag, komið tilteknum ábendingum á framfæri við forsætisráðherra um hlutverk og stöðu aðstoðarmanna ráðherra og er það gert með tilliti til þess að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, skal forsætisráðherra m.a. gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir aðstoðarmenn ráðherra. Í bréfinu kem ég þeirri ábendingu á framfæri að tilefni kunni að vera til að endurskoða tiltekin atriði í slíkum leiðbeiningum frá 30. desember 2013 með hliðsjón af því sem hefur komið fram við athugun mína á þessu máli. Jafnframt vek ég athygli forsætisráðherra á að ástæða kunni að vera til þess að taka til skoðunar hvort í leiðbeiningunum eigi að koma fram afstaða til þess hvort og þá hvernig aðstoðarmenn megi haga beinum samskiptum sínum við forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana viðkomandi ráðuneytis og um heimildir þeirra til að fá aðgang að gögnum um einstök stjórnsýslumál hjá undirstofnununum, og innan ráðuneytisins, og eftir atvikum aðkomu ráðherra að ákvörðun þar um. Ég bendi á að nánari reglur um þessi atriði eru ekki síst mikilvægar fyrir forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana og aðila þeirra stjórnsýslumála sem aðstoðarmenn kunna að koma að samkvæmt ákvörðun ráðherra."

Lokaorð

Undirrituð ítrekar fyrri afstöðu, sjónarmið og rökstuðning sem fram koma í bréfi undirritaðrar til Persónuverndar þann 3. desember sl.

Samkvæmt öllu framangreindu ítrekar undirrituð afstöðu sína er hún sinnti lögbundinni skyldu sinni gagnvart æðra stjórnvaldi er hún sendi aðstoðarmanni Innanríkisráðherra umrædda greinargerð þann 20. nóvember 2013. Um það vísast sérstaklega til 14. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum

Meðfylgjandi:

1. Tölvupóstur dags. 20. nóvember 2013 kl. 14:49.
2. Skjáskot með upplýsingum um það skjal sem fylgdi með tölvupósti sbr. lið 1.
3. Tölvupóstur dags. 20. nóvember 2013 kl. 18:33.
4. Tölvupóstur undirritaðrar til [redacted], dags. 20. nóvember 2013, kl. 21:22.
5. Skjáskot með upplýsingum um það skjal sem fylgdi með tölvupósti sbr. lið 4.
6. Verklagsreglur Ríkislögreglustjóra, upplýsingatækni- og öryggisstefnu frá 17. janúar 2014.
7. Öryggisreglur og boðorð notenda á viðneti dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. september 2001.

AFRIT

Scanned by CamScanner

innanríkisráðherra hinn 20. nóvember 2013
Skjáskot með upplýsingum um framangreint tölvubréf
Verklagsreglur embættis Ríkislögreglustjóra frá 17. janúar 2014
Reglur um víðnet dómsmálaráðuneytisins frá 26. september 2001

Scanned by CamScanner